



STÆR1XD05

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2025

(Stærðfræði á sérnámsbraut)

Kennari/kennarar:	Linda Rut Larsen (linda@fsu.is) Sigrún Þorkelsdóttir (sigrun.torkelsdottir@fsu.is)
-------------------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að viðhalda og byggja ofan á þann grunn sem nemendur hafa þegar þeir koma í framhaldsskólann og þannig byggt undir áframhaldandi stærðfræðinám. Unnið er markvisst að eflingu sjálfstrausts nemenda gagnvart stærðfræðinni og mikið lagt upp úr að finna efni sem nemandinn ræður við, getur unnið nokkuð sjálfstætt og er ánægður með. Námið er einstaklingsbundið og þar af leiðandi mismunandi námsþættir sem hver og einn nemandi tekur fyrir, allt eftir þeim grunni og þeirri hæfni sem hann býr yfir. Mikið er lagt upp úr virkni í tímum, skipulögðum vinnubrögðum, vandvirkni og góðri mætingu. Efnisþættir sem geta legið til grundvallar eru eftirfarandi: • grunnreikniaðgerðirnar fjórar • peningaþjálfun • klukkupjálfun • tímatal (sek., mín., klst., dagar, vikur, mán.) • notkun vasareiknis • mælingar • þjálfun í að lesa á verðmiða og gera verðsamanburð • lestur úr töflum • lestur myndrita.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnreikniaðgerðunum fjórum
- verðgildi og notkun peninga
- klukku, bæði skífuklukku og tölvuklukku
- tímatali
- meðferð vasareiknis
- mælingum
- að lesa á verðmiða og gera verðsamanburð
- að lesa úr töflum og myndritum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að nýta grunnreikniaðferðirnar fjórar við úrlausn verkefna
- meðferð peninga

- að lesa á klukku
- tímatali
- notkun vasareiknis við úrlausn verkefna
- mælingum
- að lesa á verðmiða og gera verðsamanburð
- að afla upplýsinga úr töflum og myndritum

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrá lausnir sínar á skipulagðan hátt
- fylgja fyrirmælum sem gefin eru
- beita skipulögðum aðferðum við lausn verkefna sem tengjast námsefninu.

Námsefni:

- Kennsluefni er mismunandi á milli nemenda þar sem um einstaklingsmiðað nám er að ræða. Allt námsefni fá nemendur ljósritað hjá kennara.
- Ýmis konar spil og þrautir eru notuð í kennslu til að þjálfa rökhugsun, færni og samvinnu.

Sérreglur áfangans:

Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu og eru nemendur hvattir til að kynna sér þær.

Þar sem mest öll vinna í áfanganum fer fram í tíma og almennt er ekki gerð krafa um heimavinnu þarf nemandi sem er með opið vottorð að vera að lágmarki með 50% raunmætingu við lok annar til að standast áfangann.

Námsmat:

Námsmat er mismunandi eftir hverjum og einum nemanda og því efni sem hann er í. Í mörgum tilfellum er annareinkunn jafnframt lokaeinkunn. Undir annareinkunn falla þau verkefni sem lögð eru fyrir á önninni, vinnusemi, áhugi, hegðun, mætingar og þátttaka í tímum. Nemendur sem eru í undinbúningsefni fyrir almenna áfanga taka kaflapróf og hjá þeim gilda próf 50% af lokaeinkunn og annareinkunn 50%. Hjá öllum gildir að ef próf eru lögð fyrir eru þau metin inn í lokaeinkunn, fer eftir umfangi þeirra hve mikið vægi þau hafa.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla Suðurlands, 14. ágúst, starfsfólk sérnámsbrautar FSu.